



Borgarráð

Reykjavík, 13. nóvember 2025
MSS24080093

Stýrihópur um samgöngumiðstöð - uppfært erindisbréf

Lagt er til að borgarráð samþykki uppfært erindisbréf stýrihóps um samgöngumiðstöð.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Uppfært erindisbréf stýrihóps um samgöngumiðstöð.



Reykjavík



Reykjavík, 13. nóvember 2025

MSS24080093

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um samgöngumiðstöð Reykjavíkur

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Fyrir liggja útfærslur að Miklubrautargöngum og hugmynd að samgöngumiðstöð við vesturenda ganganna. Lykilskiptistöð Borgarlínu og nýs leiðarkerfis Strætó yrði þar á yfirborði en undir yfirborði yrði miðstöð langferðabíla, þ.m.t. rútuferða milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Áður hefur verið gert ráð fyrir samgöngumiðstöð á Umferðarmiðstöðvarreit en hann yrði þá þróaður með öðrum hætti. Samgöngumiðstöð við Miklubrautargöng hefði mun sterkari tengingu við lykilskiptistöð almenningssamgangna og myndi nýta holrými sem myndast í tengslum við vestari gangnamunnann.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að fullkanna raunhæfni hugmynda um samgöngumiðstöð Reykjavíkur í og við vesturenda Miklubrautarganga.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirferð á fyrirliggjandi þarfagreiningu, umfangi verkefnisins og fýsileika umræddrar staðsetningar.
- Kanna afstöðu Vegagerðarinnar og Betri samgangna og rýna fjárhagslega þætti málsins.
- Kanna afstöðu rekstraraðila í akstri hópþifreiða og innviðaráðuneytisins, sem fer með útboð á almenningssamgöngum milli Reykjavíkur og Keflavíkur, til hugmyndarinnar.
- Kanna afstöðu Nýs Landsspítala til hugmyndarinnar.
- Gera tillögur að næstu skrefum.

Stýrihópin skipa:

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Líf Magneudóttir

Marta Guðjónsdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir



Reykjavík



Með stýrihópnum starfi viðeigandi fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs og verkefnateymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfsmaður/verkefnisstjóri stýrihópsins:

Hilmar Hildarson Magnúsarson, sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. mars 2026.

Heiða Björg Hilmysdóttir

borgarstjóri



Reykjavík